

Nd.

243. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Flutningsmenn: Kristinn Danielsson og Björn Kristjánsson.

1. gr.

Kjörskrá sú, er um ræðir í 7. gr. laga 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, skal samin fyrir árslok og gilda fyrir almanaksárið næst eftir, þótt aukakosning í bæjarstjórn fari fram á því ári. Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, eða henni er full vitanlegt, að fullnægt hefir skilyrðum fyrir kosningarrjetti síðan kjörskrá var samin.

2. gr.

Ákvæðið í 20. gr. nefndra laga um 4 mánaða fast aðsetur skal vera 3 mánuðir.

Svo má og auk hvalveiða og síldveiða með nót leggja útsvar á önnur arðsöm fyrirtæki utanbæjarmanna, svo sem fiskiveiðar gufuskipa með botnvörpum eða lóðum, þótt rekin sje skemmri tíma en 3 mánuði. Má leggja á útsvarið á hverjum tíma árs, sem slík atvinna er rekin, og skal atvinnurekandi lúka því áður en hann fer brott úr bænum.

3. gr.

Aukaniðurjöfnun þá, sem eftir 22. gr. sömu laga á að fara fram í júní, má bæjarstjórn láta fara fram í maí.

4. gr.

Gjalddagi bæjargjaldanna skal vera einn á ári hverju, hinn 1. dag júlímánaðar.

Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann flutti sig til kaupstaðarins, nema hann fyrir nokkuð af þeim tíma hafi greitt útsvar annarstaðar.